

## M-43/2019. Álit 17. desember 2019.

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-43/2019.

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. júní 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á rúmi af Y hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að rúmið sé haldið galla.

#### II

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi fest kaup á rúmi af gerðinni Gold af seljanda í september árið 2015 fyrir um það bil 140.000 krónur. Nokkru eftir kaupin gliðnaði grind rúmsins í sundur að sögn álitsbeiðanda og fékk hún því afhent nýtt rúm árið 2016. Grindin í því rúmi hefur nú einnig gliðnað í sundur þrátt fyrir að rúmið hafi að sögn álitsbeiðanda verið lítið notað vegna búsetu og ferðalaga erlendis. Álitsbeiðandi telur að rúmið eigi að endast í meira en tvö ár en segir seljanda hafa haldið því fram að rúmið sé aðeins í ábyrgð í tvö ár.

Hinn 21. júní 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda. Einnig var óskað eftir frekari upplýsingum og skýringum á atvikum málsins fyrir og eftir kaupin.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli tilgreindrar heimildar telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

**IV**

**Álitsorð**

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson